


Byggðasafn Árnesinga

Ársskýrsla 2012



Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Opnunartími og gestafjöldi 2012	3
Starfsfólk	4
Húsakynni	4
Skráningarkerfi og aðföng	5
Aðstaða til varðveislu	7
Rannsóknir	7
Samtímavarðveisla á Norðurlöndum (LÁ)	8
Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2012	8
Samvinna við skóla (LÁ)	14
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	15
Rjórabúið á Baugsstöðum	16
Minjasafnið í Gröf	16
Samstarf	17
Fundir, námskeið og ráðstefnur	18
Kynningar- og markaðsmál	19
Kirkjubær	19
Héraðsnefnd og stjórn	21
Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2012 og eigið fé	22



www.husid.com



Á forsíðu er póstkort af Húsinu á Eyrarbakka árið 1909. Ljósmyndir af Húsinu. Óþekktur. (BÁM 2005-51)

Ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.

Formáli

Starfsemi Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var með hefðbundnum hætti árið 2012. Við söfnin var unnið að þeim verkefnum sem þar ber að vinna samkvæmt stofnskrám og öðrum samþykktum - að söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun. Þau voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið.

Sýningahald var með hefðbundnum hætti en fimm sérsýningar voru settar upp á árinu. Söfnin á Eyrarbakka voru þátttakendur í bæja- og menningarhátíðum. Einnig var safnið þátttakandi í þemadögum Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri. Auk þess bauð safnið skólum upp á verkefnið *Sjómaður* í verferð.

Byggðasafn Árnesinga vinnur með öðrum söfnum að verkefnum á sviði samtímaskráningar og –söfnunar.

Byggðasafn Árnesinga keypti húsið Kirkjubæ á Eyrarbakka í desember 2011 og hyggst nýta til sýningahalds. Á árinu 2012 var unnin hugmyndavinna vegna framtíðarfyrirkomulags sýninga þar, saga hússins rannsökuð og hafist var handa um endurbætur.

Opnunartími og gestafjöldi 2012

Opið var á söfnunum á Eyrarbakka alla daga frá 15. maí til 15. september kl. 11-18. Einnig var safnið opnað um páska, á safnahelgi í nóvember og einn dag á jólaföstu. Jafnframt var opnað fyrir skólum og hópum á öðrum tímum. Aðgangseyrir var kr. 700.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2012 varð 4.297, þar af 1.057 erlendir og upb. 100 í skólahópum.



Fjöldi gesta í Húsið árið 2011 varð 3.721, þar af 651 erlendir og 360 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2010 varð 3.725, þar af 380 erlendir og 101 í skólahópum.

Mælitæki við skráningu gesta er nákvæm og áræðanleg talning starfsmanna. Mælingar sýna að um 80% af gestum Hússins koma jafnframt í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Verkefnið *Sjómaður á verferð* var flutt fyrir 255 nemendur úr

grunnskólum héraðsins. Fjölmarginu litu sýninguna *Safnið okkar* í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri augum.

Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka skrifuðu 103 gestir í gestabók. Mun fleiri komu og skrifuðu ekki. Gestir komu í margvíslegum erindagjörðum.

Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, *safnstjóri* í 100% stöðu. Starfsvið safnstjóra er viðtækt: Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks.

Linda Ásdísardóttir íslenskufræðingur BA og nemi í safnafræði, *safnvörður* í 100% stöðu, starfar við hlið safnstjóra að faglegu safnastarfi. Síðla ársins óskaði Linda eftir ólaunuðu námsleyfi allt árið 2013.

Jensína Jensdóttir starfaði við gæslu í Húsinu yfir sumartímann.

Jón Tryggvi Unnarsson starfaði í gæslu um sumarið aðallega í Sjóminjasafninu.

Steinunn Birna Guðjónsdóttir þjóðfræðinemi starfaði í gæslu yfir sumarið aðallega í Sjóminjasafninu.

Andri Erlingsson enskunemi vann í hlutastarfi hluta sumars við gæslu í Húsinu á Eyrarbakka.

Íris Ásdísardóttir tók að sér ræstingu í Húsinu, Þjónustuhúsinu og Sjóminjasafninu í sumarbyrjun en sagði starfinu lausu í lok september.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.

Hildur Hákonardóttir hefur aðstoðað við uppsetningu sýninga safnsins í fjölmörg ár. Á árinu aðstoðaði hún við uppsetningu páskaýningar og sumarsýningar í borðstofu.

Siggeir Ingólfsson vann sem sjálfboðaliði við safnið á fyrstu mánuðum ársins við staðsetningaskrá fyrir ljósmyndir.

Húsakynni

Tólf hús tengjast starfsemi Byggðasafns Árnesinga að hluta eða öll leyti.

Þjónustuhús með skrifstofu og aðalgeymslum safnanna er að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. (Ljósmynd til hægri)

Húsið og Assistantahúsið hýsa grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Þar eru einnig Eggjaskúrinn og útihúsin.

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka samkvæmt þjónustusamningi en viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Hús Sjóminjasafnsins eru sýningahús að Túngötu 59, Mundakotsskemmu, geymsla að Bykkvaflöt 2 og Beitningaskúrinn við Óðinshús en fyrirhugað er að opna hann til sýningar.

Umsjón muna þurðarbúðar á Stokkseyri heyrir undir Byggðasafn Árnesinga en viðhald og umhirða lóðar er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar.



Byggðasafn Árnesinga er 33% aðili að rekstri Rjórnabúsins á Baugsstöðum.

Byggðasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Árnesinga eiga saman húseignina Austurmýri 21 á Selfossi sem er í útleigu.

Byggðasafn Árnesinga keypti í árslok 2011 húsið Kirkjubæ á Eyrarbakka og hyggst nýta til sýningahalds.

Í byrjun ársins lauk Eðalmálun ehf við að mála glugga að innan í Húsinu og Assistentahúsinu.

Norðurinngönguskúr við Húsið lagfærður vegna rakaskemmda og sá Guðmundur Kristjánsson um það verk.

Ýmis viðhaldsverk bíða úrlausnar eins og viðgerð á brunni, viðgerð á grindverki milli Hússins og

Assistentahússins og viðgerð á skorsteini Assistentahússins. Mörg viðhaldsverkefni bíða húseigna

Sjóminjasafnsins en starfsmenn sveitarfélagsins unnu að frágangi á þakskeggi sýningahús og luku ekki því verki á árinu.

Þjóðminjasafn Íslands hófst handa um viðgerðir á útihúsunum fyrir norðan Húsið. Hreinsað var út úr fjósi og gerð byggingasöguleg rannsókn á útihúsunum. Til stendur að gera þau upp og hafa til sýnis í takt við búsetulandslag Hússins á Eyrarbakka. Keith Daly arkitekt teiknaði útihúsin upp fyrir húsasafn Þjóðminjasafnsins.

Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt og Gísli og Guðmundur Kristjánsson auk safnstjóra unnu

að rannsókninni. Útihúsin voru byggð á tímabilinu 1910 til 1919 og ljóst er t.d. að fjósið og fjárhúsið voru byggð á tímum dönsku kaupmannanna. Fjósið var byggt í gömlum herragarðsstíl og hið elsta á landinu með steypum flórum. Menningarsögulegt gildi þess er því ótvírátt.



Skráningarkerfi og aðföng

Við Byggðasafn Árnesinga fer fram virk söfnun og fer söfnunarstarf fram með sama hætti og á öðrum minjasöfnum landsins. Safnað er eftir söfnunarstefnu sem yfirfarin var án breytinga á árinu. Er þar helsta atriðið að ekki er tekið við gripum annarsstaðar frá en af starfssvæði safnsins. Ógjörningur er að taka við öllu því sem safninu býðst og er því munum oft hafnað einkum ef samskonar gripur er til á safninu. Einnig er ógjörningur að taka við plássfrekum gripum sökum takmörkunar varðveisluaðstöðu.

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráð í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og flest minjasöfn landsins standa að. Á árinu 2011 var farið að skrá í gagnagrunninn Sarp 3.0 sem þróaður hefur verið undanfarin ár. Í framtíðinni verða öll gögn sem þar eru skráð aðgengileg á vefnum. Í maí fóru fastir starfsmenn safnsins á námskeið í skráningu í Sarp á vegum rekstrarfélagsins.

Ný aðföng eru skráð í sérstaka handskrifaða aðfangabók. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp. Við þá skráningu eru helstu upplýsingar um gripinn tíundaðar, eins og útlit, saga, mál, efniviður, gerandi, gefandi, notandi og fleira.

Skráðar voru 19 afhendingar við söfnin á árinu 2012, aðallega munir og en einnig ljósmyndir.

Enn eru ýmis aðföng frá síðustu árum óskráð, einkum ljósmyndir sem og stórar afhendingar eins og úr dánarbúi Helga Ívarssonar frá Hólum. Í árslok tókst að grynka á lista óskráðra muna með átaki í skráningu sem haldið verður áfram á árinu 2013.

Fjöldi færslna í Sarpi hjá Byggðasafni Árnesinga var sem hér segir í árslok 2012:

Munir: 6130, nýskráðir voru 58 munir. Ljósmyndir voru 5.912 sem skiptust í 2.771 mannamynd og 3.141 þjóðlífsmynd. Að mestu leyti frá Sjóminjasafninu á Eyrarbakka en ljósmyndir eru almennt ekki á söfnunarsviði Byggðasafns Árnesinga. Fornleifar skráðar í Sarp: 996.

Helstu aðföng 2012 voru munir frá Fossi í Hrunamannahreppi úr dánarbúi Krístrúnar Matthíasdóttur og kennir þar margra merkra hluta. Safnið tók til varðveislu muni úr fótum Krístjáns skálds frá Djúpalæk sem búsettur var í Hveragerði um skeið. Safn ljósmynda af fólki úr verslunarmannastétt Eyrarbakka barst úr dánarbúi Lárusar Blöndals bóksala, afkomanda Guðmundar bóksala og bókhaldara Guðmundssonar (1849-1937) en einnig má finna þar ýmsar mannlífsmýndir. Frá Brunavörnum Árnessýslu komu gömul eldvarnarteppi, Jón Hákon Magnússon gaf regnhlíf frá þjóðhátíðinni á Þingvöllum 1974, þrír gamlir kjörkassar komu frá yfirkjörstjórn Árborgar. Eiríkur Guðmundsson í Hátúni færði safninu kistu með ýmsum munum úr fótum Þórdísar Símónardóttur ljósmóður á Eyrarbakka.



Gefendur 2012 voru:

Ágúst Halldórsson frá Hróarsholti,

Brunavarnir Árnessýslu, Selfossi,

Eiríkur Guðmundsson, Hátúni á Eyrarbakka,

Elísabet Jónsdóttir, Seltjarnarnesi,

Hildur Hákonardóttir, Ölfusi,

Inga Lára Baldvinsdóttir, Eyrarbakka,

Jóakim Elíasson, dánarbú, Selfossi,

Jón Hákon Magnússon, Seltjarnarnesi,

Krístján Krístjánsson, Reykjavík,

Krístún Matthíasdóttir, dánarbú, Fossi, Hrunamannahreppi,

Listvinafélag Hveragerðis,

Ólafur Axelsson, Kópavogi,

Ósk Gísladóttir, Hveragerði,

Sveitarfélagið Árborg,

Steinn Lárusson, Reykjavík,

Yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Árborgar.

Aðstaða til varðveislu

Safnmunir eru varðveittir í öllum byggingum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Varðveisluskilyrði eru misjöfn. Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga er góð aðstaða til varðveislu safnmuna en viðunandi víðast annarsstaðar. Mundakotsskemmu líður fyrir skort á viðhaldi og er aðgerða þörf, auk þess sem vinnurými fyrir starfsmenn sem um geymsluna þurfa að ganga er lítið. Í öllum húsunum, að undanskilinni Mundakotsskemmu, Beitningaskúrnum og útihúsunum, eru öryggiskerfi og í Húsinu og Assistentahúsinu vatnsúðunarkerfi að auki.

Með styrk frá Safnasjóði vann fyrirtækið forvarsla.is úttekt á ástandi safngripa sem notuð verður til leiðbeiningar við fyrirbyggjandi forvörslu. Skýrslan leit dagsins ljós í nóvember. Í niðurlagi hennar segir eftirfarandi:

Geymsluúttektin sýnir að mati skýrsluhöfunda að Byggðasafn Árnesinga stendur ágætlega að vígi að mörgu leyti. Þjónustuhúsið var hannað sérstaklega undir starfseminu og er því ágætlega útbúið. Hins vegar þarf að skipuleggja mun betur niðurröðun gripa í geymslunum til þess að ný aðföng komist fyrir og betur fari um gripina en forvörsluúttektin sýndi að gripir þurfa oftast létthreinsun og betri umbúðir. Þá er Mundakotshús ekki nothæft sem geymsla. Sýningarnar eru prýðilegar út frá sjónarhóli fyrirbyggjandi forvörslu þótt alltaf megi gera betur ... Starfsmenn safnsins virðast einnig vel meðvitaðir um hugmyndir fyrirbyggjandi forvörslu en eru fáir og eiga því erfitt með að vinna öll þau verk sem til falla. Óskandi væri að safnið fengi fleiri starfsmenn tímabundið eða ótímabundið til að klára þau verkefni sem brýnust eru. Vinnu í geymslum lýkur aldrei, hún er endalaus, en oft þarf að gera átak til þess að komast yfir þöskulda.

Skýrslan leiðir í ljós að margt starfið er framundan við forvörslu gripa. Um 44% gripa í aðalsal þurfa forvörslu við. Með tilkomu skýrslunnar var hafist handa við allra brýnustu aðgerðir en ljóst er þó að mikilla úrbóta er þörf á geymslu Sjóminjasafnsins, Mundakotsskemmu.

Stór aðföng hafa borist undanfarin þrjú ár, jarðskjálfti 2008 og öskugos 2010 hafa sett mark á geymslur safnsins. Nýjum aðföngum hefur verið mætt með betri skipulagningu í sal og „deponeringu“ til annarra safna. Undanfarin ár hefur ekki gefist nægur tími til að sinna skráningu og umhirðu safnmuna í þjónustuhúsi. Aðaláhersla í starfi starfsmanna hefur falist í sýningum, sérverkefnum og móttöku gesta. Lagðar voru fram tillögur til úrbóta á síðasta stjórnarfundum ársins og verður unnið að skráningu og tiltektum á árinu 2013. Aukin áhersla verður á innra starf.

Rannsóknir

Hluti af starfseminni er öflun viðbótarupplýsinga um safngripa og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka. Lýður Pálsson vann með sunnlenskum Ólympíuförum lista yfir muni til að sýna á sumarsýningu safnsins. Ritið Byggða- og húsakönnun á Stokkseyri 2010 var prentað milli jóla og nýárs 2011. Það var formlega gefið út í janúar 2012 með lítilli athöfn í Söluskála Shell á



Stokkseyri að viðstöddum bæjarfulltrúum, framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og helstu aðstandendum könnunarinnar. Lýður Pálsson rannsakaði ljósmynd Sigfúsar Eymundssonar af húsbændum, hjúum og gestum í hliði Hússins á Eyrarbakka sem hann tók árið 1884 eða 1886 og skrifaði grein um ljósmyndina til birtingar á opinberum vettvangi. Ásamt Guðmundi Lúther Hafsteinssyni fagstjóra húsasafns Þjóðminjasafns Íslands voru útihúsin við Húsið rannsökuð bak og fyrir. Aðrar rannsóknir eru m.a. gerðar á sögu safnanna og einstaka sinnum af einskærum áhuga og af frumkvæði starfsmanna og má gjarnan finna afrakstur þessi í miðlunarefni safnsins hvort sem það er í sýningatextum eða mæltu máli til gesta. Sem dæmi má nefna rannsóknir Lindu Ásdísardóttir á nýtingu hveitipoka fyrr á tímum. Á sýningartíma var óskað eftir upplýsingum um nýtingu á hveitipoka fyrr á tímum og verða þau fjölmörgu svör sem bárust nýtt til frekari rannsókna. Fyrirspurnum gesta og þeirra sem senda safninu fyrirspurn er oft svarað eftir rannsóknir starfsmanna. Miðlun til safngesta í sýningum, í ávarpi og á vefsíðunni www.husid.com er afrakstur rannsóknastarfs Byggðasafns Árnesinga. Linda Ásdísardóttir og Lýður Pálsson taka á móti mörgum tugum hópa á hverju ári og miðla í hvert sinn fróðleik um Húsið og safnmunina til fróðleiksfúsra gesta. Sú miðlun væri ekki möguleg nema fyrir afrakstur rannsókna.

Samtímavarðveisla á Norðurlöndum

Linda Ásdísardóttir sat í stýrihóp Norsam, netverk samtímasöfnunar og -rannsókna á Norðurlöndum árið 2012. Hún er nú einn af tveimur fulltrúum Íslands í þeim hópi en annar fulltrúi er Lilja Árnadóttir, fagstjóri Þjóðminjasafns Íslands og hefur hún haldið uppi merkjum samtímasöfnunar í mörg ár. Safnaráð styrkti setu Lindu í Norsam. Fulltrúar frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörk og Íslandi sitja í stýrihópnum, tveir frá hverju landi. Hópurinn hittist árlega á einum til tveimur sameiginlegum fundum og leggur til vinnu við skipulagningu á nýjum verkefnum, ráðstefnum og öðru sem stuðlar að þroska, þróun og framgangi samtímasöfnunar á Norðurlöndum.

Linda sat tvo fundi með Norsam á árinu 2012 og fyrir utan almenn fundarstörf var stærsta verkefni ársins að hrinda af stað veglegri ráðstefnu um samtímasöfnun sem verður í Helsinki árið 2013. Auk þess að vinna með stýrihópnum lagði Linda sitt af mörkum með kynningu á samtímasöfnun á Farskóla safnamanna í september en þar hélt hún fyrirlesturinn *Samtíminn lokkar og laðar*. Safnaráð styrkti þátttöku safnsins í Norsam sem nam ferðum Lindu til Norðurlandanna.

Unnið hefur verið við samtímasöfnun við Byggðasafn Árnesinga allt frá árinu 1999 og hefur safnið verið mjög virkt á þessu vettvangi undanfarin ár, bæði með sýningarhaldi og þátttöku í stórum samstarfsverkefnum með góðum árangri.

Sýningar, viðburðir og önnur miðlun

Miðlun á vegum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka fer aðallega fram í gegnum grunnsýningar safnanna í Húsinu á Eyrarbakka og í sýningahúsi að Túngötu 59. Ákveðnu rými í báðum söfnunum er ætlað til sérsýninga og skal hér greint frá þeim og sömuleiðis helstu viðburðum sem í boði voru á söfnunum.

Á þorra var boðið upp á sýningu um þorrann fyrir elstu deildir leikskóla og yngstu bekkir grunnskóla. Aðsókn væri meiri ef skólayfirvöld létu skólastofnunum í té meira fjármagn til ferða.



Páskasýning Byggðasafns Árnesinga í Húsinu var tileinkuð hveitipokum og nýtingu þeirra. Langt fram eftir 20. öld voru hreinsaðir hveitipokar nýttir í rúmföt, flíkur, dúka og margt annað. Þegar litríkar hippamussur komust í tísku á 7. og 8. áratugnum gripu handlagar konur tækifærið og gerðu dásamlega fjölbreyttar mussur og kjóla úr hveitipokum. Sýninguna prýddu fjölmörg meistaraverk eftir systurnar Sigríði og Helgu Guðjónsdætur frá Litlu-Háeyri á Eyrarbakka ásamt verkum annarra kvenna. Í borðstofu Hússins gafst því tækifæri til að sjá brot af heimi þar sem engu var hent sem hægt var að nýta og sköpunargleðin fékk að njóta sín. Páskaopnun Byggðasafns Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka var kl. 14-17 frá 31. mars til annars páskadags. Síðan var hún framlengd til aprílloka. Mjög góð aðstókn var að sýningunni enda óvenjulegt sýningarefni sem höfðaði til almennings. Sýningin fékk einnig góða umfjöllun og kynningu í fjölmiðlum. Gestum var boðið að fylla út eyðublað með upplýsingum um nýtingu hveitipoka fyrr á tímum. Einnig máttu gestir senda safninu frásagnir. Fjölmargar upplýsingar bárust um nýtingu hveitipoka fyrr á tímum.

Sýningin *Barnsins auga* var opnuð um páskana á annarri hæð Hússins. Þar voru til sýnis skemmtilegar teikningar barna af safngripum Byggðasafns Árnesinga. Nemendur úr Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri heimsóttu safnið um veturinn og teiknuðu það sem fyrir augu bar. Sýning var í kvistherbergi út árið. Teikningin af fallbyssunni sem er á verslunarsýningu safnsins var gerð af Loga í 7. bekk barnaskólans.



Fjölmenni var við opnun sumarsýningar Byggðasafns Árnesinga *Sunnlendingar á Ólympíuleikum* sem opnaði föstudaginn 18. maí kl. 18 í Húsinu á Eyrarbakka. Á sýningunni var greint frá afrekum þeirra Skarphéðinsmanna sem náð hafa þeim árangri að keppa á Ólympíuleikum.

Lítið hefur verið gert af því að minnast og heiðra sérstaklega afreksfólk sem náð hefur því takmarki að keppa á Ólympíuleikum – stærsta íþróttaviðburði heimsins. Með sýningunni gafst kærkomið tækifæri til að bæta úr því.



Ólympíufarar, þjálfarar, liðstjórar eða aðstandendur, frá vinstri: Margrét Sigfúsdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Þórdís Gísladóttir, Örvar Ólafsson, Jón M. Ívarsson, Dómhildur Sigurðardóttir, Vésteinn Hafsteinsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Helgi Sigurður Hafsteinsson, Eysteinn Þorvaldsson, Bryndís Ólafsdóttir, Hergeir Kristgeirsson og Hrafnhildur Guðmundsdóttir.

Sýningin *Sunnlendingar á Ólympíuleikum* var í tilefni af 100 ára afmæli Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Héraðssambandið Skarphéðinn og Byggðasafn Árnesinga tóku sig saman um að halda sýninguna vegna þeirra tímamóta. Markmið með sýningunni er að kynna og vekja athygli á íþróttafólki í héraði sem náð hefur þeim áfanga að keppa á Ólympíuleikum.

Að sýningunni unnu starfsmenn Byggðasafns Árnesinga, framkvæmdastjóri HSK og sögu- og minjanefnd HSK. Örn Guðnason hannaði spjöldin en Jón M. Ívarsson samdi texta. Sýningin hefði ekki orðið til nema með samvinnu við Ólympíufarana sem lánuðu til sýningarinnar ljósmyndir og persónulega muni sem tengdust för þeirra á Ólympíuleikana. Nokkrir munir voru jafnframt fengnir að láni hjá Íþróttasafni Íslands á Akranesi.

Sýningin var í Húsinu á Eyrarbakka frá 18. maí til 15. september. Sýningin var styrkt af Menningarráði Suðurlands og Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands.

Í sumarbyrjun var í forsal Sjóminjasafnsins opnuð sýning á skipasmíðaverkfærum og gömlum báts- og skipslíkönum. Skipasmíðaverkfærin voru fyrrum í eigu Guðmundar Sigurjónssonar frá Gamla-Hrauni, sem

lengstum var búsettur á Sunnuhvoli á Stokkseyri. Hann gerði upp áráskipið Farsæl fyrir Sigurð Guðjónsson um 1960. Einnig voru á sýningunni ljósmyndir eftir Sigbór Guðjónsson frá Hólmsbæ á Eyrarbakka.

Sérstakur smíðadagur var við Sjóminjasafnið á Eyrarbakka í tilefni Vars í Árborg. Talið er að um 80 leikfangaskip hafi verið smíðuð við Sjóminjasafnið. Ungir sem aldnir komu með hamra sína og smíðuðu sinn eigin bát. Allt efni var á staðnum og voru starfsmenn safnsins önnur kafnir allan daginn við að sníða niður efnið í bátana. Sóln skein á skipasmíðina ungu. Meðfylgjandi mynd sýnir Pál Sigurpórsson smíð á Selfossi aðstoða barnabarn sitt við skipasmíðina.



Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka var haldin laugardaginn 24. júní og var þá líf og fjör. Frjálsíþróttagarparnir Ólafur Guðmundsson, Dagur Fannar Magnússon og Fjóla Signý Hannesdóttir kenndu vegfarendum að kasta kúlu og henda spjóti og gömul ólympíukempa Jón Arnar Magnússon sagði frá ferð sinni á Ólympíuleikana og sýndi að hann hefur engu gleymt.

Um kvöldið sungu hátíðargestir saman í stásstofu Hússins samkvæmt hefð svo undir ómaði við undirleik Heimis Guðmundssonar.

Tónleikar voru í stásstofu Hússins á Eyrarbakka á Íslenska safnadeginum þann 10. júlí. Söngparið Unnur Arndísardóttir og Jón Tryggvi Unnarsson lögðu undir sig stásstofuna og sungu fyrir gesti. Um morgunin var safnstjóri með leiðsögn um umhverfi Hússins.

Um sumarið var endurútgefin heimildarmyndin um Húsið á Eyrarbakka. Heimildarmyndin er til sölu í Húsinu á Eyrarbakka, Verslun Guðlaugs Pálssonar á Eyrarbakka og Sunnlenska bókakaffinu á Selfossi. Einnig á skrifstofu safnsins. Diskurinn hentar vel til gjafa.

Það var ekki laust við að vegfarendur um Götuna á Eyrarbakka rækju upp stór augu 11. júlí. Búið var að flagga danska fánanum, Dannebrog, við Húsið og Eyrarbakkakirkju. Austan við Húsið gaf að líta eftirlíkingu Sverris Andréssonar á Selfossi af Thomsen-bílnum sem ekið var á Eyrarbakka árið 1904. Þarna voru á ferð Eggert Þór Bernharðsson prófessor við Háskóla Íslands og Ármann Gunnarsson djákni sem vinna að tilraunaverkefninu Fréttaskot út fortíð. Það gekk út á að búa ýmis atvik úr fortíðinni í búning nútímasjónvarpsfrétta.



Meðfylgjandi ljósmynd eru frá tókunum. Fréttaskotið við Húsið fjallar um komu Thomsen-bílsins til Eyrarbakka 1904 og fólk á vettvangi er spurt álits á þessari nýju tækni, Guðrún Jónsdóttir sem leikin var af Sigríði Hafsteinsdóttur (Hafliðasonar) mælir þessari nýju tækni bót en Jón Jónsson sem leikinn var af Lýði Pálssyni safnstjóra hallmælti móturvagninum á allan hátt. Sverrir Andrésson leikur bílstjóran. Byggðasafn Árnesinga

ásamt níu öðrum söfnum og setrum aðstoðuðu Eggert Þór og Ármann við tókurnar með láni á umhverfi og búningum. Fréttaskotin voru birt á YouTube um haustið og var öllum heiminum veittur aðgangur. Meðfylgjandi ljósmynd tók Eggert Þór Bernharðsson.

Aldamótahátíð á Eyrarbakka var haldinn að forgöngu eigenda gamla frystihússins á Eyrarbakka helgina 10.-12. ágúst. Dagskráin var með aldamótasniði með kappslætti, fornbílaakstri, sýningum, söngvum og dansi auk þess sem blásið var til brúðkaups hænu og hana. Aldamótaaðgangseyrir var að söfnunum og túnið opið sem vettvangur dagskráratriða sem og torgið fyrir kjötsúpuát.

Saga Íslendinga í Norður-Ameríku var flutt í máli og myndum í Húsinu á Eyrarbakka sunnudaginn 19. ágúst.

Vestur-Íslendingurinn og ættfræðingurinn Sunna (Olafson) Furstenau frá Norður-Dakota í Bandaríkjunum leggur áherslu á sögu Íslendinga í sínu fylki og hvernig samfélagið þar vinnur að því að varðveita menningararfleiðina. Þekktir Íslendingar þaðan eru Stefán G. Stefánsson, Vilhjálmur Stefánsson, K. N. Júlíus, sr. Páll Þorláksson og sr. Friðrik Bergmann að ógleymdum kaupmannssyninum sr. Hans Baagøe Thorgrímsen sem ólst upp í Húsinu á Eyrarbakka. Sunna var á hringferð um landið og flutti fyrirlestur sinn á tólf stöðum. Fjölskylda hennar kom frá Sauðárkróki, Akureyri og Langanesi á árunum 1882 og síðar. Ásamt fullu starfi sem ættfræðingur er Sunna bandarískur fulltrúi *Þjóðræknisfélags Íslendinga*, en félagið vinnur að því að efla tengsl við fólk af íslenskum ættum í Norður-Ameríku. Systurfélag Þjóðræknisfélagsins er *The Icelandic National League of North America* sem Sunna er varaformaður í. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á vefsíðu hennar www.rootstotrees.com



Ferðapjónusta bænda og Þjóðræknisfélag Íslendinga undibúa ferð næsta vor á slóðir sunnlenskra Vesturheimsfara og kynnti Jónas Þór hjá Ferðapjónustu bænda námskeið og fyrirhugaða ferð í Húsinu á

Eyrbakka laugardaginn 22. september. Svonefnt Vesturfaratímabil hófst á Íslandi árið 1870 og því lauk 1914. Á hverju ári tímabilsins fóru Íslendingar vestur um haf. Talið er að um 15 þúsund Íslendingar hafi flutt til Vesturheims. Upphaf vesturferðanna má rekja til Eyrbakka. Þaðan fóru fyrstu vesturfararnir 1870 og segja má að þeir hafi mótað nokkuð stefnuna fyrstu árin. Ákvörðun þeirra að fara til Wisconsin í Bandaríkjunum leiddi fleiri á sömu slóðir.

Byggðasafn Árnesinga var þátttakandi í Safnahelgi á Suðurlandi 2.-4. nóvember. Í borðstofu var sett upp sýningin *Myntsafnarinn í Hólum* sem var sýning á myntsafni Helga Ívarssonar bónda og fræðimanns (1929-2009). Sýningin var samvinnuverkefni Héraðsskjalasafns Árnesinga og Byggðasafns Árnesinga. Einnig voru á sýningunni brot af innbúi Helga, m.a. skrifborð hans og ritvél auk myndverka sem prýddu vegg Hólaheimilisins.



Á laugardeginum voru haldnir tveir fyrirlestrar um Helga Ívarsson. Tryggvi Ólafsson bókasafnsfræðingur og myntsafnari kynnti myntsöfnun Helga og Lýður Pálsson safnstjóri fjallaði um hann. Helgi Ívarsson var sagnapulur og virkur í Sögufélagi Árnesinga. Hann var sérlega minnugur og ritaði fjölmargar greinar um sagnfræði og þjóðlegan fróðleik í blöð og tímarit. Hann var ætíð málefnalegur, rökfastur og tillögugóður.

Í Sjóminjasafninu á Eyrbakka voru á laugardagskvöldinu tónleikarnir *Kvöldtónar við Farsæl*. Jón Tryggvi og Unnur sungu við áraskipið Farsæl ýmis sönglög, m.a. um lífið í litlu fiskiþorpi úti á landi.

Á sunnudeginum var í stásstofunni flutt tónlistardagskráin *Glæstar en gleymdar huldukonur í íslenskri tónlist* – tónlistardagskrá flutt af Sigurlaugu Arnardóttur sem var jafnframt höfundur dagskrárinnar (söngur) og Þóru Björk Þórðardóttur (gítar), sem útsetti lögin. Kynnt voru fjögur íslensk kventónskáld sem eru að mestu gleymd.



Þetta voru Olufa Finsen (1835-1908), Guðmunda Nielsen (1885-1936), Ingunn Bjarnadóttir (1905-1972) og María Brynjólfssdóttir (1919-2004). Að lokinni tónlistardagskránni var boðið upp á kartöflukaffi fyrir unga og aldna.

Miðvikudagskvöldið 21. nóvember stóð Sögufélag Árnesinga fyrir fræðslufundi í Húsinu á Eyrarbakka. Árni Björnsson þjóðháttfræðingur fjallaði um jólin út frá menningarsögulegu sjónarmiði og nefndi hann erindi sitt „Jólasagnfræði“.

Jólasýning var sett upp í borðstofu Hússins á Eyrarbakka að gamalli hefð. Tekið var á móti skólahópum en sýningin var einnig opin upp á gátt sunnudaginn 11. desember. Sama dag var bókaupplestur í stásstofunni. Fjórir rithöfundar lásu úr verkum sínum, þau Eyrún Ingadóttir, Einar Kárason, Bjarni Harðarson og Gerður Kristný. Fullt var út úr dyrum.

Á árinu fékk safnið góðan styrk frá Menningarráði Suðurlands til að standa straum af viðburðum en sótt var til ráðsins um viðburðadagskrána *Leikið á safni*.

Samvinna við skóla

Verkefnið *Safnið okkar* í Barnabæ var samstarfsverkefni Byggðasafns Árnesinga og Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri sem var unnið vorið 2012. Foreldrafélag skólans óskaði eftir því að safnið tæki þátt í árlegum þemadögum skólans sem eru með all sérstöku sniði. Í heila viku er settur upp ímyndaður bær, Barnabær, innan skólans. Nemendur sækja um starf og vinna á sínum vinnustað og vikan endar á að fyrirtækin og stofnannir bjóða þjónustu sína á lokadegi þemadaga. Byggðasafnið stýrði vinnustaðnum *Safnið okkar* dagana 4. – 7. júní og sett var upp safn í einni skólastofu með 10 nemendum skólans á aldrinum 6-12 ára.



Þetta var mjög vel heppnað safnfræðsluverkefni. Börnin sem voru þátttakendur fengu alveg nýja sýn á safnastarf, lærðu að leiðsejja og taka á móti gestum, segja sögu gripanna, bjuggu til leik fyrir gesti, markaðsettu safnið og margt fleira. Einnig kenndu þau okkur á safninu margt um hvað það er sem vekur helst þeirra áhuga. Fyrir börnin var t.d. mikilvægt að gripirnir væru gamlir, örlítið dularfullir og merkilegir. Krakkarnir tóku öll hlutverk sitt af mikilli alvöru og voru t.d. mjög ákveðin í því að ekki væri hægt að skoða safnið án þess að borga sig inn og að mikilvægt væri að banna harðlega að snerta gripi.



Á 160 ára afmæli barnaskólans í október aðstoðuðu starfsmenn safnsins skólann við að setja upp sýningu byggða á Barnabæ. Einnig léði safnið skólanum húsgögn í skrifstofu skólastjóra vegna bæjarráðsfundar sem haldinn var þar á afmælisdeginum.

Safnfræðsluverkefninu *Sjómaður á verferð* var hrundið af stað á árinu. Verkefnið var hannað fyrir börn á aldrinum 8-12 ára og miðað við að hægt væri að ferðast með það í grunnskólana. Markmiðið með

verkefninu var tvíþætt að miðla fróðleik á skemmtilegan hátt og einnig að vekja athygli á Sjóminjasafninu og því sem það hefur uppá að bjóða. Fræðslan fór að mestu fram í söguformi og mikli áhersla lögð á fjölþætta skynjun, snerta gripi, máta klæðnað, *lykta af* fortíðinni og kynna verbúðarleikjum. Stór þáttur í verkefninu er að tengja fortíð við samtímann og sýna t.d. hvernig verklag og útbúnaður á sjó hefur breyst.

Safnkennari bjó sig til verferðar útbúinn því helsta sem sjómenn þurftu að hafa með sér í verbúð og heimsótti börn í 7 af 10 grunnskólum Árnessýslu. Þótt verkefnið væri sniðið fyrir 3. bekk og skólum kynnt það sem slíkt þá varð raunin sú að mun fleiri börn komu og hittu *sjómanninn*. Bekkjum var bætt inn hópinn í litlum skólum eða jafnvel fékk breiður aldurshópur að koma og fylgjast með. Þó var ljóst að heppilegast stærð á hóp var um 25 börn þar sem allir fengu þá tækifæri á að snerta, skoða og spyrja. Mikil ánægja ríkti með verkefnið meðal nemenda og kennarar voru ánægðir með að það samrýmdist kennsluefni þriðja bekkjar. Ekki síst þótti öllum skólum það mikil fengur að fá verkefnið inn til sín skólanum að kostnaðarlausu og sýnir það vel hve mikils virði fyrirhöfnin var. Umfjöllun um verkefnið var á vefsíðum allra skóla.

Sjómaður á verferð er verkefni sem er alls ekki bundið við skólastofu heldur mun jafnframt nýttast Sjóminjasafninu við móttöku gesta almennt og býr starfsfólk gríðarlega vel að þeirri reynslu sem hefur skapast með verkefninu nú þegar.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Eignasvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tók þátt í starfi Sambands íslenskra sjóminjasafna. Safnstjóri fór á samráðsfund norrænna sjóminjasafna sem haldinn var á Ísafirði dagana 22.-24. ágúst. Markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál,



einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta.

Á árinu 2011 var aflað upplýsinga um sögu Beitningaskúrsins og lögð fram áætlun um sýningu þar. Unnið var úr viðtali viðtal við Jóhann Jóhannsson útgerðarmann sem þekkir sögu skúrsins mæta vel. Talað var við fleiri kunnuga Eyrbekkinga, þar á meðal Garðar Hannesson frá Litlu-Háeyri. Beitningaskúrin var byggður um 1925 á blómaskeiði vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og var í upphafi fiskgeymsla en síðar beitingaskúr. Hann var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 1990 og þá gerður upp með stuðningi Húsafriðunarnefndar ríkisins. Óskað hefur verið aðstoðar hönnuða við uppstillingu muna í Beitningaskúrnum. Safnasjóður hefur veitt styrk til verksins, sömuleiðis Menningarráð Suðurlands.

Þurfiðarbúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga sem heldur utan um muni þurfiðarbúðar. Umsjón með umhverfi þurfiðarbúðar hefur umhverfissvið Árborgar en viðhald búðarinnar er í höndum framkvæmda- og veitusviðs Árborgar. Sveitarfélagið Árborg hefur sótt um styrki til að gera upp búðina sem látið hefur á sjá undanfarin ár. Jafnframt hefur safnið lagt fram áætlun um sýningahald í þurfiðarbúð.

Rjómabúið á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eigandi að Rjómabúinu á Baugsstöðum. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005 þegar búið varð 100 ára. Byggðasafn Árnesinga sér um daglegan rekstur þess en rjómabúið er rekið á sérstakri kennitölu og er með sér reikningshald.

Andri Erlingsson og Erlingur Brynjólfsson sá um gæslu í rjómabúinu um helgar í júlí og ágúst. Lýður Pálsson sat eina helgi í rjómabúinu. Styrkur fékkst frá Húsafriðunarsjóði til kaupa á bárujárn á þak.



Úr Rjómabúinu á Baugsstöðum. (Gunnar Sigurgeirsson)

Í vinnslu er heimildarmynd um Sigurð Pálsson sem starfaði sem umsjónarmaður búsins frá 1971 til 2011. Filmverk með Gunnar Sigurgeirsson í fararbroddi sér um gerð myndarinnar. Byggðasafn Árnesinga hefur aðstoðað við að fjármagna myndina.

Skrá um muni Rjómabúsins var slegin í excelskjal eftir handriti Páls heitins Lýðssonar. Til stendur að færa skrána yfir í Sarp og mun Byggðasafn Árnesinga sjá um þá hlið mála.

Í stjórn Rjómabúsins á Baugsstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari.

Til sölu í rjómabúinu er ritið Rjómabúið á Baugsstöðum 100 ára eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson.

Gestafjöldi 2012 varð 360 manns en árið 2011 komu 278 gestir. Árið 2010 komu 465 gestir í Rjómabúið á Baugsstöðum en 931 gestir árið 2009.

Minjasafnið í Gröf

Málefni Minjasafns Emils Ásgeirssonar í Gröf, Hrunamannahreppi, komu til umræðu á fleiri en einum fundi stjórnar safnsins. Minjasafnið í Gröf var stofnað af Emil Ásgeirssyni bónda og ráðunauti og var söfnunarsviðið

einkum búvélur og munir frá Hrunamannahreppi. Vilji eigenda safnsins hefur verið sá að byggja það upp með aðstoð opinberra aðila. Hefur í því skyni verið leitað til Byggðasafns Árnesinga.

Miklar umræður urðu um málefni Minjasafnsins í Gröf á stjórnarfundi í janúar og þá sérstaklega bókun Héraðsnefndar Árnesinga vorið 2011 þar sem óskað er eftir tillögu frá Byggðasafni Árnesinga um framtíðarfyrirkomulag Minjasafnsins í Gröf. Samþykkt var að óska eftir sérfræðiráðgjöf frá Þjóðminjasafni Íslands. Starfsmenn Þjóðminjasafnsins þær Lilja Árnadóttir og Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir ásamt Bjarna Guðmundssyni prófessor og safnstjóra á Hvanneyri fóru að Gröf og í kjölfarið skiluðu Lilja og Freyja greinargerð um Minjasafn Emils Ásgeirssonar í Gröf. Greinargerðin er mikilsvert innlegg til að móta næstu skref og framtíð safnsins.

Á fundi stjórnar Byggðasafns Árnesinga þann 26. júní var rætt um málefni Minjasafnsins í Gröf og tekin til umfjöllunar greinargerð frá Þjóðminjasafni Íslands sem stjórn Byggðasafns Árnesinga hafði óskað eftir. Það er mat Þjóðminjasafns Íslands að fella ætti starfsemi Minjasafns Emils Ásgeirssonar í Gröf undir Byggðasafn Árnesinga af faglegum ástæðum og í samræmi við safnastefnu á sviði Þjóðminjavörslu. Samþykkti stjórn Byggðasafns Árnesinga að senda greinargerðina eigendum safnsins, hreppsnefnd Hrunamannahrepps og Héraðsnefnd Árnesinga. Á grundvelli greinargerðarinnar lagði stjórn Byggðasafns Árnesinga til eftirfarandi: Að starfsemi Minjasafns Emils Ásgeirssonar í Gröf verði felld undir Byggðasafn Árnesinga að því gefnu að: 1. Safnkostur og húseignir safnsins verði afhentar byggðasafninu til umráða. 2. Að Hrunamannahreppur og Héraðsnefnd Árnesinga tryggi fjármagn til reksturs og uppbyggingar Minjasafnsins í Gröf.

Á fundi nýstofnaðs byggðasamlags Héraðsnefndar Árnesinga bs þann 17. desember komu málefni minjasafnsins til umræðu. Ragnar Magnússon oddviti skýrði frá því að undirrituð hafi verið viljayfirlýsing um að Hrunamannahreppur eigi minjasafnið en Byggðasafn Árnesinga reki það – hliðstætt við t.d. Sjóminjasafnið. Áhugi er á því að skapa sérstöðu með safni eða „setri“ tileinkað Fjalla-Eyvindi. Ragnar greindi jafnframt frá því að hugmyndir væru allar í mótun en vonir standi til að leggja megi mótaðar áætlanir fyrir vörfund.

Samstarf

Þjóðminjasafn Íslands veitti margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Á Alþingi voru á árinu 2011 samþykktir nýir lagabálkar á sviði þjóðminjavörslunnar sem munu hafa áhrif á starfsemi safnsins. Lögin taka gildi 1. janúar 2013. Þjóðminjasafni Íslands og Safnaráði eru veittar margvíslegar upplýsingar um starfsemina enda kemur hluti rekstrarfjár frá Safnasjóði.

Samstarf er á meðal Þjóðminjasafns Íslands og nokkurra minjasafna um allt landið um söfnun og skráningu samtímamanna eftir SAMDOK aðferðinni sem felst í skráningu á vettvangi frekar en söfnun gripa.

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í gagnagrunni íslenskra minjasafna Sarpi. Safnstjóri er í fulltrúaráði Rekstrarfélags Sarps og sat þar einn fund hjá fulltrúaráðinu á árinu. Safnstjóri er jafnframt varamaður í stjórn.

Góð samskipti eru við Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd ríkisins. Þessar tvær stofnanir munu renna saman í Minjastofnun Íslands með gildistöku nýrra þjóðminjalaga 1. janúar 2013.

Byggðasafn Árnesinga tekur þátt í starfsemi Samtaka safna á Suðurlandi sem eru grasrótarsamtök aðila sem starfa að menningamálum á Suðurlandi. Safnstjóri var kjörinn gjaldkeri samtakanna í maí.

Safnstjóri sat fund með stjórn Listvinafélags Hveragerðis í ágúst og í kjölfarið tók safnið til varðveislu muni frá Kristjánandi skáldi frá Djúpalæl sem um skeið var búsettur í Hveragerði.

Að ósk undirbúningshóps að stofnun Fischersseturs á Selfossi sat safnstjóri nokkra fundi með hópnum um haustið.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Þess má geta að báðir starfsmenn safnsins eru í háskólanámi meðfram vinnu. Lýður Pálsson nemur meistaranám í hagnýtri menningarmiðlun við HÍ. Námið hófst í ágústlok 2010 og á nú einungis lokaverkefni eftir. Linda Ásdísardóttir hóf MA-nám í safnafræði við Háskóla Íslands í ágúst 2011.

Starfsmenn Bygðasafns Árnesinga sóttu eftirtalin námskeið, opna fundi og ráðstefnur á árinu 2012:

Lýður og Linda sóttu námskeið í skráningu Sarps 3.0 í Þjóðminjasafninu 12. apríl. Námskeiðið var haldið af Rekstrarfélagi Sarps. (Sjá ljósmynd)

Fundur var haldinn hjá húsasafni Þjóðminjasafns Íslands þann 13. apríl í Þjóðminjasafninu þar sem Þjóðminjasafnið boðaði á fundinn þá aðila sem hafa umsjón með byggingum húsasafnsins.

Lýður Pálsson sótti fundinn en Húsið á Eyrarbakka er hluti af húsasafninu. Sama dag sóttu Lýður og Linda vörfund Þjóðminjasafns Íslands.



Safnstjóri fór á samráðsfund norrænna sjóminjasafna sem haldinn var á Ísafirði dagana 22.-24. ágúst.

Lýður Pálsson fór í mánaðarlanga kynnisferð um söfn í Svíþjóð og Danmörku. dagana 6. september til 5. október. Hann skoðaði söfn í Stokkhólmi, Nyköping, Helsingborg og Kaupmannahöfn. Samstarfssjóður Svíþjóðar og Íslands styrkti ferðina. Nanna Hermansson fyrrv. borgarminjavörður í Reykjavík sem búsett er í Stokkhólmi skipulagði ferðina með Lýð. Á skrifstofu safnsins er að finna 60 síðna ferðasögu Lýðs.

Í Nyköping dvaldi Lýður sem gestur hjá Sörmlands-museet (<http://sormlandsmuseum.se/>) í tvær vikur, 11.-26. sept. þar sem hann kynnti sér mjög ítarlega þróttmikla starfsemi safnsins, bæði ytra og innra starf. Naut Lýður mikillar gestrisni kollega sinna í Nyköping. Hafði Lýður mikið gagn af dvöl sinni í þar.

Dagana 2.-3. október sat Lýður ráðstefnu sem safnamenn í Danmörku og Suður-Svíþjóð stóðu að í Örenäs-höll á Skáni um Mýtur og sannleika á söfnum. Tíu fróðleg erindi voru haldin um efnið.

Farskóli íslenskra safnamanna var haldinn í Eyjafirði dagana 19.-21. september. Þema farskólans var samstarf. Linda Ásdísardóttir sótti farskólann.

Linda Ásdísardóttir sat námskeið í viðbrögðum við meindýrum og myglu á söfnum 16. nóvember. Námskeiðið var haldið af Þjóðminjasafni, Þjóðskjalasafni og Landsbókasafni fyrir starfsmenn safna.

Kynningar- og markaðsmál

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri. Það auglýsir víða, í sunnlenskum fjölmiðlum og einnig í sunnudagsblaði Morgunblaðsins ásamt öðrum íslenskum söfnum. Byggðasafn Árnesinga tók einnig þátt í sameiginlegri kynningu á íslenskum söfnum á RUV.

Heimasíðan www.husid.com er haldið lifandi með uppfærslu fréttar af starfseminni og róteringu ljósmynda á forsíðu. Safnstjóri heldur utan um efni síðunnar.

Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður sem býr á Eyrarbakka sér um hönnun á auglýsingum safnsins.

Á árinu var bæklingurinn Húsið á Eyrarbakka og söfnin á Suðurströndinni endurprentaður. Honum er dreift á helstu ferðastöðum á Suðurlandi og hjá upplýsingamiðstöðvum.

Safnið er á Facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga“ og sömuleiðis halda hollvinir Hússins undir forystu Elínar Hansen í Minneapolis utan um síðuna „Descendants of The House (Húsið á Eyrarbakka)“. Safnið var með kynningarefni á Sunnlenskri kynningu Markaðsstofu Suðurlands í apríl í Ráðhúsi Reykjavíkur.



Safnið er þátttakandi í starfi Markaðsskrifstofu Suðurlands. Stjórn Byggðasafns Árnesinga hefur hug á að efla markaðsstarf safnsins.

Kirkjubær

Í lok ársins 2011 keypti Byggðasafn Árnesinga húsið Kirkjubæ sem er rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka. Kirkjubær verður nýttur til sýningahalds og garðurinn umhverfis verður almenningsgarður. Arfi Helga Ívarssonar frá Hólum til Byggðasafns Árnesinga verður varið til þessa verkefnis.

Kirkjubær er timburhús bárujárnsklætt sem byggt var 1920 og með norðurbíslagi frá 1934. Áður en kom til kaupa á húsinu voru Einar S. Hjartarson húsasmíðameistari og Jon Nordsteien arkitekt fengnir til að kanna ástand þess og gera kostnaðaráætlun. Stjórn safnsins ákvað í kjölfarið að kaupa húsið og láta gera það upp í samræmi við niðurstöður Einars og Jons.

Á fundi stjórnar Byggðasafns Árnesinga þann 24. janúar 2012 var samþykkt að koma á fót hugmyndateymi um sýningahald í Kirkjubæ á Eyrarbakka. Auk þess var samþykkt að fá Jon Nordsteien arkitekt til hönnunarvinnu og að forgangsraða í viðgerðum Kirkjubæjar.



Teymið var síðan skipað starfsmönnum safnsins Lýði Pálssyni og Lindu Ásdísardóttur, Helgu Maureen Gylfadóttur safnverði á Árbæjarsafni, Erlingi Brynjólfssyni sagnfræðingi og framhaldsskólakennara á Selfossi og Sigrúnu Kristjánsdóttur sem rekur fyrirtækið Safnarútan sem þjónustar söfn og setur. Sigrún tók að sér að stjórna vinnunni.

Teymið fundaði fimm sinnum og jafnframt fóru starfsmenn safnsins í tvær vettvangsferðir í tengslum við vinnu teymisins, annarsvegar í Krók á Garðaholti og Siggubæ í Hafnarfirði og hinsvegar í húsasafn Árbæjarsafns. Á fundunum voru ræddar fjölmargar útfærsluleiðir á sýningahaldi í Kirkjubæ. Allir fengu að tjá hugmyndir sínar og áherslur og hver og einn dró fram úr skjóðunni úr reynslubankanum.

Á fundum hugmyndateymis var ákveðið að sýning í Kirkjubæ fjalli um heimili alþýðufólks á Eyrarbakka í kringum 1930. Sýningin myndi mótvægi við sýningu í Húsinu þar sem sýnt er heimili yfirstéttar. Hluti hússins verður notað sem móttöku- kennslu- fræðslu- og skemmtimenntunarrými.

Safnstjóri vann öðru hvoru að sögu Kirkjubæjar og talaði við gamla íbúa og eigendur hússins og afkomendur hjónanna sem byggðu Kirkjubæ. Linda Ásdísardóttir vann þarfagreiningu vegna safnfræðslurémis.

Í lok apríl var farið á fund Jons Nordsteien og niðurstöður hugmyndateymisins kynntar fyrir honum.

Þá hófst vinna safnstjóra, smiðanna Gísla og Guðmundar Kristjánssona ásamt Joni Nordsteien við að lesa í húsið um leið og allt „modern“ úr húsinu var fjarlæggt, þ.e. seinni tíma viðgerðir og viðbætur. Fór sú vinna fram öðru hverju fram í september. Á grundvelli þess sem innri viðir hússins gáfu í ljós vann Jon Nordsteien nýjar teikningar að Kirkjubæ. Teikningar voru lagðar fyrir stjórn Byggðasafns Árnesinga og Skipulags og bygginganefnd Árborgar í september. Þar var ákveðið að breytt notkun úr íbúðarhúsi í safnhús yrði grenndarkynnt. Við grenndarkynningu í október barst ein jákvæð athugasemd. Framundan er uppbyggingarstarf.



Garðinum var haldið í horfi og var fyrsta skrefið að skrá niður plönturnar í garðinum eins og hann er núna. Eftir á að taka ákvörðun um hvernig hann verður hannaður.

Siggeir Ingólfsson garðyrkjufræðingur (sjá ljósmynd) tók það verk að sér og sinnti garðinum en einnig naut hann aðstoðar Hafsteins Hafliðasonar garðyrkjufræðings. Greindar voru um 200 plöntu- og trjátegundir í garðinum.

Árið 2013 verður Kirkjubær gerður upp og hafa Gísli og Guðmundur Kristjánssynir tekið verkið að sér.

Stefnt er að opnun Kirkjubæjar um páskana 2014.

Héraðsnefnd og stjórn

Héraðsnefnd Árneseinga er eigandi Byggðasafns Árneseinga. Héraðsnefndin er í eigu sveitarfélaga í Árnessýslu og stofnuð í kjölfar slita á Sýslunefnd Árnessýslu árið 1990. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árneseinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árneseinga er rekstur þriggja safna á héraðsvísu.

Í stjórn Byggðasafns Árneseinga sátu Eva Marín Hlynisdóttir, Hrafnkelsstöðum II, Hrunamannahreppi, stjórnarformaður, Guðmundur Þór Guðjónsson, Hveragerði, varaformaður, og Inga Lára Baldvinsdóttir, Eyrarbakka, ritari. Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi þar sem kveður á um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.

Héraðsnefnd Árneseinga var lögð niður sökum breyttra lagaákvæða í sveitastjórnalögum þar sem ekki er lengur að finna hugtakið „héraðsnefnd“. Á grunni Héraðsnefndar Árneseinga var stofnað byggðasamlagið Héraðsnefnd Árneseinga bs. Á stofnfundinum 17. desember var skipað í fagråd sem kemur í stað stjórnar. Arna Ír Gunnarsdóttir var kjörin formaður fagráðs, einnig eru í fagráðinu Guðmundur Þór Guðjónsson og Eva Marín Hlynisdóttir.

Stjórnarfundir urðu sjö á árinu, auk óformlega stjórnarfunda. Ýmis mál voru einnig leyst milli funda með tölvubréfum og símtölum og síðar staðfest á næsta fundi. Safnstjóri og stjórnarformaður sátu jafnframt fundi með Héraðsnefnd Árneseinga.

Á fundum stjórnar eru tekin fyrir mál sem safnstjóri undirbýr fyrir fundinn í samráði við stjórn. Einnig mál sem stjórnarmenn leggja fram áður en kemur til fundar og rúmast ekki innan starfs- og rekstraráætlunar.

Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2012

Rekstrartekjur	Þús. kr.
Héraðsnefnd Árnesinga framlag	18.200
Safnasjóður, rekstrarframlag og verkefnastyrkir	2.300
Sveitarfélagið Árborg, v. Sjóminjasafns	4.756
Aðgangseyrir og ýmsar tekjur	1.064
Styrkir og önnur framlög	1.000
Aðrar tekjur	50
Húsaleigutekjur	510
Tekjufærðar jarðskjálftabætur	2.100
	29.980
Rekstrargjöld	
Laun og launat. gjöld	19.804
Annar rekstrarkostnaður	8.377
Rekstur fasteigna	2.822
Heimildarmynd um Baugstaðabúið	200
Afskriftir	1.147
	32.352
Hagnaður (Tap) fyrir fjármagnsliði	(2.371)
Vextir og verðbætur	439
(Tap) ársins	(1.931)

Eigið fé safnins í fasteignum og bankainnistæðum nam 45 milljónum króna í árslok.

Eyrarbakka 8. maí 2013,



Lýður Pálsson

safnstjóri.